

# **VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður ses**

Ársreikningur

2011



# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Yfirlit yfir afkomu ársins 2011 .....	4
Efnahagsreikningur 31. desember 2011 .....	5
Sjóðstreymi ársins 2011 .....	6
Skýringar .....	7 - 9
Sundurliðanir .....	10

## **Stjórn VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses:**

Elín Björg Jónsdóttir, formaður  
Ágústa Hlín Gústafsdóttir, varaformaður  
Gylfi Arnbjörnsson, meðstjórnandi  
Finnbjörn A. Hermannsson, meðstjórnandi  
Sigurður Bessason, meðstjórnandi  
Stefán Einar Stefánsson, meðstjórnandi  
Vilhjálmur Egilsson, meðstjórnandi  
Hannes G. Sigurðsson, meðstjórnandi  
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi  
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi  
Guðlaug Kristjánsdóttir, meðstjórnandi  
Hallur Páll Jónsson, meðstjórnandi

## **Framkvæmdastjóri:**

Vigdís Jónsdóttir

## **Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Aðalstarfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs er því að stuðla að aukinni starfsendurhæfingu, virkni og þátttöku í atvinnulífinu í samvinnu við stéttarfélög og atvinnurekendur um allt land.

Starfsemin hefur verið í uppbyggingu á árinu 2011 og þróun en skipulögð þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélögunum hófst á haustmánuðum 2009 og hefur síðan þá verið í stöðugum vexti. Útgjöld sjóðsins voru í stöðugum vexti á árinu 2011 og sem dæmi um það þá var rekstrarkostnaður í lok árs 2011 ríflega tvisvar sinnum hærri en hann var í upphafi ársins. Áætlað er að á árinu 2012 muni starfsemin halda áfram að vaxa m.a. með auknu samstarfi við lífeyrissjóði og opinbera aðila.

Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í skýrslu framkvæmdastjóra í ársriti VIRK fyrir árið 2012.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins 130,1 millj.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins í lok árs var jákvætt um 1.104 millj.kr. en var um 974,3 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Sjóðurinn mun til framtíðar þurfa að hafa varasjóð sem nemur um 6 -12 mánaða veltu til að geta ávallt staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem sjóðurinn tekst á hendur gagnvart einstaklingum í þjónustu og samstarfsaðilum. Í starfsemi sem hér um ræðir koma tekjur hraðar inn en útgjöld í upphafi og því hefur orðið til varasjóður sem mætir þessari þörf.

Stöðugildi hjá félaginu voru ríflega 12 og launagreiðslur félagsins námu um 74,1 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 9 og launagreiðslur félagsins námu um 52,5 millj.kr. á árinu 2010.

Ekki eru greidd laun eða aðrar þóknanir til stjórnarmanna.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2012

Stjórn:

*Ólafur Þorvaldursson*  
*Hannor G. Sigmundsson*  
*Ólga Hallgrímudóttir*  
*Þingá Rún Ólafsdóttir*  
*Hilmar Guðmundsson*  
*Ólafur Þorvaldursson*

*Ólafur Þorvaldursson*  
*Hannor G. Sigmundsson*  
*Ólga Hallgrímudóttir*  
*Þingá Rún Ólafsdóttir*  
*Hilmar Guðmundsson*  
*Ólafur Þorvaldursson*

Framkvæmdastjóri:

*Nigelín Jónsdóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. mars 2012

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**



Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi

# Yfirlit yfir afkomu ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld atvinnurekanda .....	9	715.738.690	631.498.216
<b>Iðgjöld</b>		<u>715.738.690</u>	<u>631.498.216</u>
<b>Starfsendurhæfing</b>			
Ýmis útgjöld vegna starfsendurhæfingar .....	10	472.131.671	234.208.193
<b>Starfsendurhæfing</b>		<u>472.131.671</u>	<u>234.208.193</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og tengd gjöld .....	3, 11	96.334.360	67.399.332
Annar rekstrarkostnaður .....	12	58.747.373	33.402.610
<b>Rekstrarkostnaður</b>		<u>155.081.733</u>	<u>100.801.942</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði .....		88.525.286	296.488.081
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....	4	47.091.302	55.873.658
Sedil- og þjónustugjöld .....	5	( 76.488)	( 52.731)
Fjármagnstekjuskattur .....	2, 5	( 5.416.262)	( 8.601.765)
		<u>41.598.552</u>	<u>47.219.162</u>
<b>Afkoma ársins</b> .....		<u>130.123.838</u>	<u>343.707.243</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

## Eignir

	Skýr.	2011	2010
Óinnheimt iðgjöld .....	2	70.601.443	51.521.861
Sjóður og bankainnstæður .....	2	684.417.839	696.779.780
Vörslureikningar .....	2	427.366.511	254.833.342
<b>Veltufjármunir</b>		<u>1.182.385.793</u>	<u>1.003.134.983</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>1.182.385.793</u>	<u>1.003.134.983</u>

## Eigið fé og skuldir

Stofnfé .....	7	1.500.000	1.500.000
Óráðstafað eigið fé .....	7	1.102.934.760	972.810.922
<b>Eigið fé</b>		<u>1.104.434.760</u>	<u>974.310.922</u>
Ýmsar skammtímaskuldir .....	8	77.951.033	28.824.061
<b>Skuldir alls</b>		<u>77.951.033</u>	<u>28.824.061</u>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<u>1.182.385.793</u>	<u>1.003.134.983</u>

# Sjóðstreymi ársins 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
Frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		130.123.838	343.707.243
		<u>130.123.838</u>	<u>343.707.243</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....		( 19.079.582)	( 4.471.487)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		49.126.972	13.620.486
		<u>30.047.390</u>	<u>9.148.999</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>160.171.228</u>	<u>352.856.242</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		160.171.228	352.856.242
Handbært fé í ársbyrjun .....		951.613.122	598.756.880
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>1.111.784.350</u>	<u>951.613.122</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Aðalstarfsemi VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs er að veita þjónustu á sviði starfsendurhæfingar til einstaklinga um allt land í samvinnu við stéttarfélög og atvinnurekendur. Markmiðið er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Lögfesting iðgjalda

Með breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða var öllum launagreiðendum gert skylt að greiða 0,13% iðgjald til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs frá og með 1. september 2012. Iðgjaldið skal reiknast af iðgjaldsstofni samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 129/1997.

Frá sama tíma bar því lífeyrissjóðum að innheimta iðgjald til VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs vegna allra launamanna þar með talið sjálfstæðra atvinnurekenda og þeirra sem ekki eru félagsmenn stéttarfélaga.

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Samanburðartölur fyrra árs

Þar sem nauðsynlegt var talið, hefur samanburðartölum verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á rekstrarárinu.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir er færðir í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem þeir falla til.



## Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirliti yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

## Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögaðili og skattar því hvorki reiknaðir né gjaldfærðir í uppgjöri.

## Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð að nafnvirði.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnvirði.

## Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2011	2010
Laun og bifreiðastyrkir .....	77.752.719	55.043.340
Lífeyrissjóðsgjöld .....	7.085.687	5.055.415
Önnur launatengd gjöld .....	8.519.415	6.079.093
Annar starfsmannakostnaður .....	2.976.539	1.221.484
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>96.334.360</u>	<u>67.399.332</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	<u>12</u>	<u>9</u>

## Fjármunatekjur

4. Fjármunatekjur greinast þannig:	2011	2010
Vaxtatekjur .....	27.093.060	48.438.615
Vextir .....	( 37.206)	( 30.283)
Vaxtatekjur fjárvörslu .....	17.952.014	4.833.342
Vaxtatekjur v/innheimtu lífeyrissjóða .....	2.083.434	2.631.984
	<u>47.091.302</u>	<u>55.873.658</u>

## Fjármagnsgjöld

5. Fjármunagjöld greinast þannig:	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Þjónustugjöld .....	15.659	7.595
Þjónustugjöld Visa/Euro .....	15.200	14.880
Sedilgjöld reikninga .....	45.629	28.806
Bankakostnaður .....	0	1.450
	<u>76.488</u>	<u>52.731</u>
Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur .....	<u>5.416.262</u>	<u>8.601.765</u>

## Óinnheimt iðgjöld

6. Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Útistandandi hjá lífeyrissjóðum .....	70.620.475	48.474.605
Útistandandi hjá öðrum .....	( 19.032)	3.047.256
	<u>70.601.443</u>	<u>51.521.861</u>

## Eigið fé

7. Stofnfé sjóðsins nam 1,5 millj.kr. í lok ársins.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári .....	1.500.000	972.810.922	974.310.922
Afcoma ársins .....		130.123.838	130.123.838
	<u>1.500.000</u>	<u>1.102.934.760</u>	<u>1.104.434.760</u>

## Ýmsar skammtímaskuldir

8. Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Lánardrottnar .....	31.913.790	25.583.502
Ógreiddir styrkir .....	41.325.000	0
Ógreidd laun .....	15.877	96.208
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	1.246.846	786.129
Ógreidd sjóðagjöld .....	191.794	118.595
Ógreidd staðgreiðsla .....	2.452.489	1.471.043
Ógreitt annað vegna starfsfólks .....	28.000	262.000
Ógreitt tryggingargjald .....	777.237	506.584
	<u>77.951.033</u>	<u>28.824.061</u>